

Reykjavík, 10.3.2016

## **Erindi: Umsögn um drög stjórnarskrárnefndar að nýjum stjórnarskrárákvæðum**

Stjórnarskrárnefnd birti þann 19. febrúar 2016 drög að þremur frumvörpum til stjórnarskipunarlag. Frestur til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin var tilgreindur til þriðjudagsins 8. mars 2016. Vegna anna hefur Hagsmunasamtökum heimilanna því miður ekki reynst unnt að gera umsögn fyrr en núna en vonast er til þess að það komi ekki að sök þó tveimur dögum skeiki. Samtökin sendu nefndinni umsögn um fyrri áfangaskýrslu hennar, þar sem kom meðal annars fram að þau atriði sem um ræddi féllu strangt til tekið utan málefnasviðs samtakanna. Þó með þeirri undantekningu að samtökin létu til sín taka þau atriði er lúta að þjóðaratkvæðagreiðslum á grundvelli undirskriftasafnana.<sup>1</sup>

Meðal þess sem kom fram í fyrri umsögn samtakanna var að þau eru almennt hlynnt auknu lýðræði og möguleikum á þáttöku almennings í ákvarðanatöku er varðar hagsmuni borgaranna. Jafnframt væru samtökin sammála því sjónarmiði að ástæðulaust væri að hrófla við 26. gr. stjórnarkrárinnar um málskotsrétt forseta þó svo að bætt yrði við nýju ákvæði um beinan málskotsrétt kjósenda. Hinsvegar legðust samtökin alfarið gegn því að í slíku ákvæði yrðu settar frekari takmarkanir við því að hægt yrði að knýja fram slíka þjóðaratkvæðagreiðslu heldur en þegar leiða af núgildandi lögum. Með því er átt við kröfur laga á sviði persónuverndar, fjarskiptalög o.þ.h., varðandi öryggi og sannreynslu þeirra undirskrifa sem safnað yrði, en best væri að stjórnvöldum yrði falið að útfæra slíkt ferli nánar.

Sú tillaga sem nú hefur verið birt að nýju stjórnarskrárákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda, er því miður haldin þeim ágöllum að sett eru ýmis íþyngjandi skilyrði fyrir því að hægt verði að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar á meðal er krafa um fjölda undirskrifa mjög í hærri kantinum að mati samtakanna eða 15%, tímafrestur til söfnunar undirskrifa knappur, og einkennilegt skilyrði sett um lágmarksþáttöku í atkvæðagreiðslu sem gerir það í reynd erfiðara fyrir kjósendur sem vilja synja frumvarpi frá Alþingi að gera það, gegn atkvæðum þeirra sem heima sitja. Hvergi í þeirri kosningalöggjöf sem þegar er í gildi er að finna því stað að nein atkvæði gildi önnur en þau sem eru raunverulega greidd á kjörstað af þeim kjósendum sem þangað mæta til að kjósa. Þá eru samtökin alfarið andvíg því að tilteknir málaflokkar séu beinlínis undanskildir því að kjósendur geti krafist þess að greiða atkvæði um mál úr þeim flokkum. Ekki síst hvað varðar framkvæmd þjóðréttarsamninga, en mjög stór hluti af öllum þingmálum sem afgreidd eru fela í sér einhverskonar innleiðingu á reglum sem leiða af EES-samningnum. Má nefna sem dæmi að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um fasteignalán til einstaklinga, sem varða einhverja stærstu fjárhagslegu hagsmuni heimilanna og venjulegra borgara. Þar sem frumvarpið felur jafnframt í sér innleiðingu á EES-tilskipun, yrði það ekki tækt í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt fyrirliggjandi tillögum, jafnvel þó að frumvarpið sem slíkt hafi að geyma margvísleg atriði til viðbótar þeim sem felast í umræddri tilskipun. Af þessum ástæðum geta samtökin alls ekki fallist á tillögu stjórnarskrárnefndar nema úr þessu verði bætt með því að fella slíkar hindranir niður.

<sup>1</sup> <https://www.forsaetisraduneyti.is/stjornarskra/stjornarskrarnefnd/erindi/nr/8247>

Með hliðsjón af þeim athugasemdum sem að framan greinir vilja Hagsmunasamtök heimilanna leggja til að frumvarpi stjórnarskrárnefndar um þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda verði breytt þannig að hindranir verði felldar brott. Í því skyni er lögð fram eftirfarandi tillaga að útfærslu á slíkri breytingu.

## Breytingartillaga

við frumvarp til stjórnskipunarlaga  
um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum,  
samkvæmt ákvæði um stundarsakir, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 91/2013  
(þjóðaratkvæðagreiðslur).

1. Við 1. gr.:
  - a. Á eftir orðunum „nýstaðfest lög“ í 1. másl. 2. mgr. komi: eða ályktun.
  - b. Í stað orðsins „fimmtán“ í 1. másl. 2. mgr. komi: tíu.
  - c. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. másl. 2. mgr. komi: átta.
  - d. 3. másl. 2. mgr. falli brott.
  - e. 3. mgr. falli brott.
  - f. Orðin „þó minnst fjórðungur kosningabærra manna“ í 5. mgr. falli brott.
  - g. Orðin „upphafstíma og“ í 6. mgr. falli brott.

Skýringar við einstaka liði tillögu þessarar:


- a. Með þessum lið er lagt til að sömu reglur gildi um rétt til þess að bera ályktanir Alþingis undir þjóðaratkvæðagreiðslu eins og um lagafrumvörp, og að sá réttur skuli eiga við um allar þingsályktanir án nokkurra undantekninga.
- b. Með þessum lið er lagt til að lágmarkfjöldi undirskrifta við kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu verði tíu af hundraði kosningabærra manna í stað fimmtán af hundraði.
- c. Með þessum lið er lagt til að tímafrestur til þess að safna undirskriftum kjósenda við kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu verði átta vikur frá birtingu laga eða ályktunar, í stað fjögurra.
- d. Með þessum lið er lagt til að það verði engum takmörkunum háð hvaða lög og ályktanir frá Alþingi verði hægt að bera undir þjóðaratkvæðagreiðslu á grundvelli undirskriftasöfnunar.
- e. Með þessum lið er lagt til að 3. mgr. frumvarpins verði felld brott, þar sem hún yrði óþörf með öllu vegna a-liðs tillögu þessarar.
- f. Með þessum lið er lagt til að skilyrði um lágmarksfjölda þátttakenda í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðinu verði fellt brott.
- g. Með þessum lið er lagt til að heimild til að kveða með almennum lögum á um upphafstíma og þar með mögulega að þrengja tímaramma undirskriftasöfnunar, verði felld brott.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjalmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is